

Lög um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 90.

Lög um breyting á lögum nr. 55 25. maí 1949, um meðferð ölvaðra manna og drykkjúsjúkra, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 92.

Sjúkrahúsalög, undirskrifuð af forsetanum 31. desember 1953, nr. 93.

207

15. des.

AUGLÝSING

um notkun heimildar um að færa niður aðflutningsgjöld af nokkrum vörum.

Fjármálaráðuneytið hefur með heimild í athugasemdarákvæðum við nr. 10 í 82. kafla tollskrár ákveðið að færa niður aðflutningsgjöld af eftirgreindum vörum þannig, að gjöldin af þeim verði eins og að neðan greinir og að þær flokkist þannig:

Tollskrá:		Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
Kafla	Nr.			
82	10 — (1) Netjakúlur úr tilbúnum mótanlegum efnum ..	kg	1	2
82	10 — (2) Vatnsleiðslupípur úr tilbúnum mótanlegum efnum	—	7	10

Ofangreind aðflutningsgjöld skulu innheimt með viðaukum samkvæmt lögum, sbr. lög nr. 91/1952, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

Fjármálaráðuneytið, 15. desember 1953.

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

Sigurður Áskelsson.

208

24. des.

AUGLÝSING

um notkun heimildar laga nr. 77 23. des. 1953, um innheimtu ýmissa gjalda 1954 með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga nr. 77 23. des. 1953 og innheimta á árinu 1954 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- Með 100% viðauka vitagjald samkv. lögum nr. 17 1911 og síðari lögum um breyting á þeim lögum.
- Með 140% viðauka aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í lögum nr. 27 27. júní 1921, að undanteknum gjöldum samkvæmt VII. kafla laganna, sem innheimtast með 75% álagi. Uppboðslaun samkvæmt V. kafla skulu innheimt með 70% viðauka.
- Með 140% viðauka stimpilgjald, leyfisbréflagjald og lestagjald.
- Með 200% viðauka gjöld samkvæmt IX. kafla laga nr. 68/1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkvæmt 58. gr. laganna.
- Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60 1939, nema gosdrykkjum samkv. 1. tölul. 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkvæmt 3. tölulið sama kafla með 740% álagi, aldinsaft og limonaðisaft samkv.